



Skorradalshreppur

Umsókn um framkvæmdaleyfi

Um framkvæmdaleyfi fer skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 9. kafla skipulagsreglugerðar nr. 400/1998.

Umsækjandi/framkvæmdaraðili: Orka náttúrunnar

Kennitala: 471119-0830

Heimili: Bæjarháls 1

Póstfang: 110 Reykjavík

Netfang: on@on.is

Sími: 591-2700

Staður framkvæmdar:

Nafn staðar/jarðar: Sjá „Staður framkvæmda“ í fylgiskjal I

Landeigandi: — 11 —

Kennitala landeiganda: — 11 —

Stærð framkvæmdasvæðis í m²: 20.000 m²

Lýsing á framkvæmd (má vera á fylgiblaði): Sjá með fylgjandi fylgiskjal I.

Framkvæmdatími: 2024

Umsókn þessari skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- Yfirlitsuppdráttur, 3 eintök, í mælikvarða 1:50.000 – 1:5.000.
- Afstöðuuppdráttur, þar sem það á við, 3 eintök, í mælikvarða 1:2000-1:1000.
- Heimildir til framkvæmda, t.d. heimild landeiganda eða lóðarhafa ef hann er annar en umsækjandi, sem og samþykki meðeigenda ef um sameign er að ræða.

Skipulags- og bygginganefnd getur kallað eftir öðrum upplýsingum og gögnum sem hún telur nauðsynleg til að meta framkvæmdina og hafa eftirlit með henni.

Staður/dags.: Reykjavík 28/12 '23 Atli Björn Levg
Undirskrift umsækjanda

FYLGISKJAL I

Skipulags- og byggingarfulltrúi Skorradalshrepps
Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir/Sæmundur Víglundsson
Hvanneyrargötu 3
311 Borgarnesi

28. desember 2023

Varðandi: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta við inntakslón Andakílsárvirkjunar

Orka náttúrunnar óskar hér með eftir framkvæmdaleyfi vegna fyrirhugaðra endurbóta á mannvirkjum við inntakslón Andakílsárvirkjunar sem og viðhaldi á lóninu sjálfu. Markmið verkefnisins er að tryggja framtíð virkjunarinnar með rekstur, öryggi og umhverfi í huga.

Í ljósi þeirrar umræðu sem fram hefur farið um framkvæmd þá sem hér er sótt um framkvæmdaleyfi fyrir og opinberrar afstöðu einstakra sveitarstjórnarmanna og annarra til hennar, er þess sérstaklega óskað að við meðferð málsins sé hugað að hæfi þeirra sem að málmeðferð koma. Í þessu samhengi er sérstaklega vísað til 3. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, um hæfi starfsmanna sveitarfélaga og 9. gr. siðareglna Skorradalshrepps, auk almennra reglna um hæfi starfsmanna sveitarfélaga.

Í ljósi umræðu og rökstuðnings Skorradals fyrir frávisun framkvæmdaleyfisumsóknar Orku náttúrunnar, dags. 19. september 2023, og varðar virkjunarleyfi virkjunarinnar, vill Orka náttúrunnar benda á eftirfarandi. Orkustofnun hefur yfirumsjón með raforkulögum og er því til þess bært stjórnvald að ákvarða um gildi virkjunarleyfis samkvæmt raforkulögum. Túlkun sveitarfélags eða ákvörðun sveitarfélags í andstöðu við álit Orkustofnunar gengur gegn valdsviði þess.

Sambærileg umsókn um framkvæmdaleyfi hefur verið send til Borgarbyggðar og skipulags- og bygginganefnd samþykkti, þann 1. desember sl., að heimila skipulagsfulltrúa að veita framkvæmdaleyfi fyrir þeim liðum framkvæmdarinnar sem falla að öllu leyti innan sveitarfélagamarka Borgarbyggðar. Framkvæmdin fer fram í tveimur sveitarfélögum. Þess vegna liggur vel við að sveitarfélögin standi sameiginlega að grenndarkynningu og Orka náttúrunnar er fús til samvinnu um undirbúning hennar.

Orka náttúrunnar bendir á að ákveðin gögn eru á vinnslustigi vegna umsóknar þessarar. Þessi gögn lúta að hluta leyfa landeigenda á framkvæmdasvæðinu og leyfi Fiskistofu eins og lýst er nánar í umsókninni. Orka náttúrunnar veitir allar upplýsingar um stöðu á þeim gögnum sem upp á vantar og gerir ráð fyrir að hægt sé að bæta við gögnum, sem nefnd eru hér á eftir, jafnvel eftir að umsókn þessi hefur hlotið umfjöllun í skipulags- og bygginganefnd.

Eftirfarandi upplýsingum og fylgiskjöllum er ætlað að uppfylla kröfur skv. reglugerð nr. 772/2012 vegna umsóknar um framkvæmdaleyfi.

Upplýsingar um umsækjanda

Nafn: Orka náttúrunnar
Kennitala: 471119-0830
Heimilisfang: Bæjarháls 1
110 Reykjavík

Staður framkvæmda

Nöfn staða/jarða sem liggja í Skorradalshreppi eru eftirfarandi.

- Efri-Hreppur, landnr. 133954 - Guðrún Jóhanna Guðmundsdóttir kt. 220453-2278 og Jóhannes Guðjónsson kt. 221150-2369 (Leyfismál í ferli)
- Horn, landnr. 134053 – Árni Hjörleifsson kt. 190347-3119 (Leyfismál í ferli)
- Skorradalsvatn neðan foss, landnr. 134109 – Orkuveita Reykjavíkur kt. 551298-3029
- Skorradalsvatn miðlunarlón, landnr. 133956 – Orkuveita Reykjavíkur kt. 551298-3029

Afstöðumynd, hnitsett í mælikvarða 1:2.000-1:500 eða í öðrum læsilegum mælikvarða

Sjá teikningasett í fylgiskjali 1.

Hönnunargögn

Fyrirhugaðri framkvæmd er lýst hér á eftir. Fullnaðarhönnunargögn, teikningasett, eru lögð fram með umsókn þessari í fylgiskjali 1.

Lýsing á framkvæmd og hvernig hún fellur að gildandi skipulagsáætlunum og staðháttum

Framkvæmdalýsing

Inntakslónið liggur í tveimur sveitarfélögum, Borgarbyggð og Skorradalshreppi. ON byggir sínar áætlanir á fyrirliggjandi opinberum gögnum sem eru meðal annars aðgengileg á vef Skorradalshrepps, Borgarbyggðar og skipulagsvefsjá Skipulagsstofnunar. Þar koma fram opinberar upplýsingar um mörk sveitarfélaga.

Meðan á framkvæmdum stendur verður Andakílsá veitt um yfirfall virkjunarinnar. Það verður gert með því að reisa tímabundna varnarstíflu sunnarlega í inntakslóni virkjunarinnar, sem leiðir rennslið að yfirfalli, samhliða því að verja nyrðri hluta lónsins gagnvart ánni. Lónið norðan stíflunnar verður vatnstæmt og verður þá orðið einangrað frá Andakílsá.

Áður en kemur að eiginlegri gerð varnarstíflu er lagt upp með þann möguleika að millilagera grjót framarlega í framkvæmdaröðinni, til gerðar varnarstíflu síðar í framkvæmdinni, loftmegin við núverandi jarðvegsstíflu. Þessi tilhögun er til komin fyrst og fremst til styrkingar á núverandi jarðvegsstíflu.

Fjarlægja á setefni úr botni lónsins og flytja það til haugsvæða í nágrenni inntakslónsins. Á meðan nyrðri hluti lónsins stendur vatnstómur, verður ráðist í viðhald og endurnýjun á stíflumannvirkjum (steypt inntaksstífla og jarðvegsstífla norðan yfirfalls).

Með framkvæmdinni verður set inntakslónsins fjarlægt að hluta til, sem mun hafa áhrif á lífríki þess. Það efni sem ekki verður sett í námu verður komið fyrir á ógrónu og lítt grónu landi. Haugsetning, sem ekki verður í námu, mun hafa áhrif á gróðurvist, fuglalíf og ásýnd svæðisins. Á meðan framkvæmdum stendur er mögulegt að áin gruggist tímabundið vegna umferðar ökutækja á lónssvæði og því kunna að verða smávægileg áhrif á vatnafar og vatnalíf í Andakílsá neðan stíflu. Ástand lífríkis inntakslóns Andakílsárvirkjunar og Andakílsár ofan þess verður rannsakað áður en framkvæmdir hefjast.

Áhrifasvæði framkvæmdarinnar nær til inntakslónsins og svæðisins við virkjunarmannvirkin, haugsetningarsvæði þar sem botnseti verður fyrir komið og aðkomu að þeim. Meðan á framkvæmdum stendur verður þess gætt að lágmarks rennsli sé í Andakílsá til að tryggja að lífríki í ánni beri ekki skaða af og stuðst verður við ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar í þeim efnum. Leitast verður við að halda vatnshæð Skorradalsvatns innan þeirra marka sem ON hefur sett sér. Að öðru leyti hefur framkvæmdin ekki áhrif á Skorradalsvatn. Með útfærslu á verkframkvæmdum og rauntímamælingum á gruggi í vatni sem rennur í Andakílsá má gera ráð fyrir að þegar gruggun verði, haldist hún innan náttúrulegra marka árinna og að áhrifa framkvæmdarinnar gæti almennt stuttan veg frá framkvæmdasvæðinu. Framkvæmdir sem

geta leitt af sér aukið grugg í ánni verða unnar utan veiðitímabils Andakílsár, sem er frá 20. júní til og með 30. september ár hvert.

Helstu verkþættir eru:

- Aðstöðusköpun, gerð/styrking vinnuvega og slóðagerð innan verksvæðis.
- Gerð varnarstíflu yfir suður- og suðvesturhluta inntakslónsins til bráðabirgða þannig að veita megi innrennsli Andakílsár, Álfsteinsár og Hornsár fram hjá lónstæðinu yfir steyppt yfirfall lónsins.
- Styrking jarðvegsstíflu í tengslum við gerð varnarstíflu.
- Styrking á steypnum stíflum inntakslónsins (norður- og suðurhlutar) með því að hreinsa núverandi yfirborð, steypa með járnbentri steypu ofan á stíflu og utan á hana, vatns-megin. Einnig að steypa yfir tvö botnrásarop og gamlar lokur úr stáli sem þar eru.
- Smíði á þéttiramma og leiðurum úr ryðfríu stáli fyrir nýja hleraloku ásamt uppsetningu og innsteypingu framan við núverandi botnrásarop.
- Lagfæringar á yfirborði steyptra veggja í inntaksþró með því að steypa með járnbentri steypu ofan á og utan á vegg.
- Rif á núverandi handriðum og hliðum, smíði og uppsetning nýrra handriða og hliða ofan á steypnum stíflum, auk annarra öryggisráðstafana.
- Endurbygging á jarðvegsstíflu sunnan við steyptra stíflur.
- Uppmökstur á lausu seti af lónbotni og flutningur að skilgreindum tippsvæðum í landi Syðstu-Fossa (Borgarbyggð). Haugsetning á efni, landmótun, endurheimt staðargróðurs og frágangur.
- Rjúfa varnarstíflu í nánu samráði við verkkaupa að verki loknu, þannig að stýra megi vatnsáfyllingu lóns. Í framhaldi skal fjarlægja varnarstíflu einnig í samráði við verkkaupa.
- Tiltekt og frágangur.

Nánari lýsingar á verkþáttum og teikningar og kort er að finna í fylgiskjali 1.

Núverandi jarðvegsstífla var byggð 1991 í kjölfar þess að fyrri stífla brast í flóði. Hún var byggð á sama stað og sú upprunalega. Á sama tíma var yfirfall lengt um 4 m til að sporna við að stíflan færi aftur í flóði. Uppbygging stíflunnar er óþekkt en líklega er hún byggð úr einsleitri fyllingu og ekki með þéttikjarna. Stíflan er um 3–4 m breið og hæð hennar jöfn hæð steyptu stíflunnar, eða um 59,23 m y.s.


Endurnýjun á jarðvegsstíflu er fyrst og fremst vegna slælegs ástands þeirrar núverandi sem greinilega lekur, enda ekki byggð eftir viðurkenndum stöðlum. Ný stífla verður með krónuhæð 61,2 m y.s. Hæð nýrrar stíflu er valin samkvæmt norskum reglum. Hæðin er ákveðin þannig að stíflukróna er 1,5 m ofar en kjarnakróna sem er þéttingin í stíflunni. Þessir 1,5 m eru hugsaðir sem frostfrítt efni ofan á kjarnann.

Þessar breytingar hafa ekki áhrif á vatnshæð inntakslónsins sem við venjulegan rekstur er haldið á milli 57,2 og 57,9 m y.s. Breytingin mun einungis endurheimta hluta af fyrri lónsrýmd með því að ná fram fyrri dýpt. Með auknu innstreymi er vatn aukið gegnum vatnsvegi virkjunar og þegar innstreymi er minna er hægt á raforkuframleiðslu. Þegar innstreymi er umfram afköst virkjunar, t.d. í flóðum, þá ræðst vatnshæð af yfirfalli en hæð þess og stærð er óbreytt.

Framkvæmdatími og áfangaskipting

Fyrirhugaður framkvæmdatími í og við inntakslónið er skipulagður með veiðitímabilið í Andakílsá í huga. Veiðitímabilið er frá 20. júní til 30. september og er markmiðið að komast hjá því að áin gruggist umfram náttúruleg mörk á því tímabili og að halda gruggun árinna vegna framkvæmda í lágmarki utan þess tíma (**mynd 1**).

Fyrsta skref framkvæmdarinnar felur í sér undirbúning svæðisins fyrir framkvæmdir, s.s. uppsetningu vinnubúða og smávægilega slóðagerð. Samhliða hefst bygging varnarstíflu í lóninu við lækkaða vatnshæð. Þegar hún er fullbúin mun áin einungis renna um syðri hluta lónsins og úr því á yfirfalli virkjunarinnar. Norðurhluti lónsins verður þá orðinn aðskilinn frá syðri hluta lónsins og hægt að vatnstæma hann. Þar með er framkvæmdasvæðið orðið einangrað frá Andakílsá áður en veiðitímabilið hefst þann 20. júní.



Mynd 1 Tímaáætlun framkvæmda.

Eftir að varnarstífla hefur verið reist og að vatnstæmingu lokinni er hægt að hefjast handa við framkvæmdir sem snúa að viðhaldi mannvirkja og uppmokstur setefna. Miðað er við að hægt verði að grafa rás í setið næst steypu stíflunni stuttu eftir að vatnstæmingu er lokið, en restin af setinu er látin afvatnast áður en hin eiginlega vinna við að fjarlægja það hefst. Þannig verður hægt að hefja vinnu við mannvirkin fljótlega eftir vatnstæmingu.

Eftir 30. september, að hinum eiginlegu framkvæmdum loknum og eftir að veiðitímabilinu er lokið, verður varnarstíflan fjarlægð og gengið frá framkvæmdasvæðinu.


Haugsetning

Setið verður haugsett í landi Syðstu-Fossa í samráði við landeigendur, en samkomulag þar að lútandi liggur fyrir, í landi Andakílsárvirkjunar og í námum. Magn sets sem fyrirhugað er að fjarlægja úr botni inntakslóns hefur verið áætlað u.þ.b. 70.000 m³ (+/- 15.000 m³). Hámarksvinnsludýpi í botni lónsins er áætlað 5-6 m eins og teikning (merkt AND-01-C-1-050101) í fylgiskjali 1 sýnir. Nýju yfirborði á haugsetningarsvæðum er einnig lýst á teikningum í fylgiskjali 1. Áður en efninu verður komið fyrir verður gróðurþekja á haugsetningarsvæðum fjarlægð, þar sem hún er til staðar, og henni haldið til haga.


Þegar framkvæmdum lýkur verður fyrri gróðurþekja nýtt til frágangs, þar sem hún var fyrir og er talin æskileg. Frágangur verður í samráði við landeigendur.

Þess skal getið að fyrirhugaðar framkvæmdir voru tilkynntar til ákvörðunar um matsskyldu þann 20. desember 2021. Í þeirri tilkynningu var gert ráð fyrir að setið í lóninu yrði flutt á nokkur haugsetningarsvæði í nágrenni Andakílsárlóns (**mynd 2**). Annars vegar var um að ræða svæði til landmótunar í landi Efri Hrepps og Andakílsárvirkjunar og hins vegar þrjár námur, tvær gamlar og ein virk. Hugmyndin var að efnið myndi nýtast að einhverju leyti til uppgræðslu en við nánari athugun kom í ljós að lítið er um lífrænt efni í setinu og það þar af leiðandi ekki hentugt í þeim tilgangi.

Í ljósi ofangreinds, var ákveðið að skoða önnur, minna gróin svæði til haugsetningar. Niðurstaðan var að haugsetja efnið í landi Syðstu-Fossa eins og að framan greinir (**mynd 3**).



Mynd 2 Haugsetningarsvæði eins og þau voru ráðgerð í fyrirspurn um matsskyldu.



Mynd 3 Fyrirhuguð haugsetningarsvæði í landi Syðstu-Fossa.

Að höfðu samráði við Skipulagsstofnun telur hún nægilegt að gera grein fyrir breytingu á staðsetningu haugsetningarsvæða frá matsskyldufyrirspurn í framkvæmdaleyfisumsókn og því sé ekki þörf á tilkynningu til Skipulagsstofnunar.

Styrking jarðvegsstíflu

Styrking jarðvegsstíflu í tengslum við gerð varnarstíflu. Námuleyfi er til staðar í námu sem staðsett er nálægt Borgarnesi þaðan sem fyrirhugað er að koma með efnið. Aðkoma með efni inn á framkvæmdasvæðið verður um virkjunarland, þ.e. sömu leið eins og sýnd er á teikningum og inn að plani A (sem er við inntaksmannvirki).

Lagt er upp með að nýta hluta af grjótvörn, sem nota á í byggingu tímabundinnar varnarstíflu í inntakslóni í fyrirhuguðum endurbóta- og viðhaldsframkvæmdunum, til að styrkja núverandi jarðvegsstíflu þar til að ný jarðvegsstífla verður byggð fyrir framan þá sem nú stendur.

Lagt er til að hlaða efninu, alls 2.500 m³, loftmegin við núverandi stíflu til að auka öryggi mannvirkisins. Reiknað er með að efninu verði hlaðið í sömu hæð og núverandi stífla, um 59 m.y.s.

Lagt er til að hlaða efninu, alls 2.500 m³, loftmegin við núverandi stíflu til að auka öryggi mannvirkisins (sjá **mynd 4**). Reiknað er með að efninu verði hlaðið í sömu hæð og núverandi stífla, um 59 m.y.s.



Mynd 4 Yfirlitsmynd – staðsetning grjóts á bak við núverandi jarðvegsstíflu til tímabundinnar styrkingar.

Loftmynd af núverandi jarðvegsstíflu ásamt útlínunum fyllingarsvæðis má sjá á **mynd 5**. Á mynd 3 má sjá hvernig grjótinu verður komið fyrir á millilagerssvæðinu til styrkingar á núverandi jarðvegsstíflu .



Mynd 5 Breytt ljósmynd af svæðinu fyrir tímabundna styrkingu á núverandi jarðvegsstíflu. Horft til norðausturs. Hægra megin á myndinni má sjá leka í gegnum stífluna.

Ekki eru þekktar veitulagnir á framkvæmdasvæðinu sjálfu en í nágrenni þess, norðan við, liggur stýristrengur í jörðu með fram inntakspípu Andakílsárvirkjunar.

Skipulag

Fyrirhuguð framkvæmd er á mörkum tveggja sveitarfélaga, Borgarbyggðar og Skorradalshrepps. Samkvæmt gildandi aðalskipulagi Borgarbyggðar 2010-2022 og Skorradalshrepps 2010-2022 er Andakílsárvirkjun afmörkuð sérstaklega sem athafnasvæði og hluti lónsins er skilgreint sem efnistökusvæði. Framkvæmdasvæðið liggur að hluta innan skilgreinds athafna- og efnistökusvæðis virkjunarinnar en stór hluti lónsins og fyrirhuguð haugsetning liggur utan skilgreinds athafnasvæðis.

Deiliskipulag er ekki til staðar fyrir Andakílsárvirkjun, inntakslón Andakílsárvirkjunar, mannvirki tengd virkjuninni eða næsta nágrenni hennar. Þar sem um endurbætur og fjarlægingu á seti er um að ræða er ekkert í framkvæmdinni sem kallar á endurskipulagningu á svæðinu þar sem ekki verið að breyta um eðli starfsemi eða landnotkunar.

Nánari umfjöllun um stöðu skipulagsmála er í fyrirspurn um matsskyldu¹.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um tilkynningu Orku náttúrunnar um framkvæmdir í og við lón Andakílsárvirkjunar í Borgarbyggð og Skorradalshreppi, dags. 1. júlí 2022, kemur fram að stofnunin telur að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlaða. Því skuli framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Nánari útlistun á ákvörðun Skipulagsstofnunar er á vef Skipulagsstofnunar².

Framangreind ákvörðun Skipulagsstofnunar var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) þann 31. júlí 2022. Í kærinni var þess krafist að ákvörðun Skipulagsstofnunar yrði felld úr gildi. Niðurstaða ÚUA var, að vísa málinu frá þar sem kærandi var ekki talinn eiga slíka lögvarða hagsmuni af hinni kærðu ákvörðun umfram aðra, að honum yrði játuð aðild að málinu.

¹ <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1239#takm>

² <https://www.skipulag.is/umhverfismat-framkvaemda/gagnagrunnur-umhverfismats/nr/1239#akm>

Upplýsingar um önnur leyfi

Andakílsárvirkjun er rekin í samræmi við starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands frá 10.05.2012. Langtímamarkmið Orku náttúrunnar er að styrkja stíflumannvirki í inntakslóninu og fjarlægja það set úr inntakslóni Andakílsárvirkjunar sem þarf til þess að tryggja öruggan rekstur.

Orka náttúrunnar hefur leyfi til virkjunar Andakílsár skv. álitni Orkustofnunar 2023, sjá minnisblað Orkustofnunar (fylgiskjal 5) og fundargerð fundar Orku náttúrunnar og Orkustofnunar, dags. 2. nóvember 2023 (fylgiskjal 6). Á það er minnt að Orkustofnun er til þess bært stjórnvald að ákveða um gildi leyfa sem stofnunin hefur á sínu forræði. Ótvíræð afstaða stofnunarinnar liggur fyrir og því er það ekki ákvörðun sveitarfélags hvort leyfi sé fyrir hendi eða ekki.

Auk framkvæmdaleyfis eru framkvæmdirnar háðar eftirfarandi leyfum:

- Byggingarleyfi Borgarbyggðar annars vegar og Skorradalshrepps hins vegar samkvæmt 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki.
- Haugsetning er háð starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits Vesturlands vegna móttöku jarðefna og landmótunar, sbr. reglugerð nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
 - Umsóknin hefur verið afgreidd og verður starfsleyfi gefið út áður en framkvæmd hefst.
- Aðstaða verktaka vegna framkvæmdanna er starfsleyfisskyld skv. gr. 10.7 í X. viðauka reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- Ef hrófla þarf við fornminjum skal óska eftir leyfi Minjastofnunar Íslands, skv. 21. gr laga um menningarminjar nr. 80/2012.
- Leyfi Fiskistofu skv. 33 gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.
 - Umsókn er í ferli hjá Fiskistofu

Að auki verður Orkustofnun tilkynnt um fyrirhugaðar framkvæmdir eins og kveðið er á um í 2. mgr. 144. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

Umsóknin er lögð inn með fyrirvara um að eftirfarandi leyfi liggi ekki fyrir:

- Leyfi landeigenda í Efri-Hreppi og Horni.
- Leyfi Fiskistofu.


Leyfi landeigenda virkjunarlands og leyfi landeiganda á Syðstu-Fossum liggur fyrir. Afrit leyfis landeiganda á Syðstu-Fossum hefur verið sent Borgarbyggð og er forsenda útgáfu framkvæmdaleyfis Borgarbyggðar. Öflun leyfa frá Efri-Hreppi og Horni stendur yfir og samræður eru í gangi við landeigendur.

Fylgigögn umsóknar:

1. Teikningasett.
2. Lýsing á verktilhögun við tæmingu inntakslóns.
3. Yfirlýsingar/samþykki frá landeigendum: OR.
4. Rannsóknaráætlun fyrir vöktun á lífríki og eðlisefnafræðilegum þáttum í Skorradalsvatni og Rannsóknaráætlun á ófiskgegnum hluta Andakílsár - Hafrannsóknastofnun, 2023.
5. Álit Orkustofnunar um virkjunarleyfi, minnisblað 2023.
6. Fundargerð fundar Orku náttúrunnar og Orkustofnunar, dags. 2. nóvember 2023.


Virðingarfyllt

F.h. Orku náttúrunnar



Atli Björn Levy

Fylgiskjal 1 – Teikningasett




ENDURB. - ANDAKILSÁRVIRKJUN
 INNTAKSLÖN
 YFIRLITSMYND
 VIRKJUNARSVEÐI OG VINNUSVEÐAMERKINGAR
 Væðing: 3000-0386
 Feil = Sátt + Stödur +
 Dags: 10.02.23 Gerðleik: C Kvæð: 1:3.500




01 10.02.23 VERKTEIÐING
 02 12.02.23 VINNUSVEÐUR OG LANDMÆRNI
 SITT/STÖS
 SITT/STÖS
 Væðing: 3000-0386
 Feil = Sátt + Stödur +
 Dags: 10.02.23 Gerðleik: C Kvæð: 1:3.500




- Vinnuvegir
- Áætlunlega vamanstíflu
- Tippsvæði
- Landdegnir skv. landeignaskrá & Nýjalandi 2006
- Framkvæmdasvæði
- Framkvæmdasvæði aðrir
- Aðstæða verkataka




PVERSNID 1 - TIPPSVÆÐI 1



PVERSNID 2 - TIPPSVÆÐI 1



HINTASKRÁ		X-Hnit	Y-Hnit	Punktur	X-Hnit	Y-Hnit	Punktur	X-Hnit	Y-Hnit
Punktur									
101	371.659.964	451.368.520	111	371.695.567	451.263.176	121	371.640.700	451.312.940	
102	371.695.151	451.370.265	112	371.683.924	451.250.192	122	371.642.283	451.320.377	
103	371.721.910	451.365.963	113	371.663.251	451.266.432	123	371.649.163	451.332.363	
104	371.732.632	451.354.439	114	371.644.865	451.269.581	124	371.654.490	451.337.903	
105	371.731.233	451.344.782	115	371.638.412	451.275.962	125	371.654.490	451.344.442	
106	371.734.075	451.323.701	116	371.635.664	451.283.194	126	371.654.097	451.352.729	
107	371.726.770	451.308.492	117	371.639.088	451.287.035	127	371.657.361	451.361.923	
108	371.717.033	451.295.346	118	371.638.987	451.295.535	128	371.660.710	451.362.728	
109	371.706.864	451.282.557	119	371.636.244	451.302.773				
110	371.698.428	451.269.693	120	371.634.042	451.312.177				




SKÝRINGAR:
 YFIRLITSMYND: AND-90-C-0-050010
 HNIT ERU Í ISNET93
 HÆÐARKERFI LH2004: LANDSHÆÐARKERFI
 ÖLL MÁL ERU Í METRUM (m) NEMA ANNAÐ SÉ TEKID FRAM.

01.10.2023. MÉRTEIÐING
 MESPÓC
 Hann/Vin/L.Samb.
 Vefnr.: 5181227
 Útunnarfrá 203 Kósavogi Síma: 423 3000 www.mannvit.is
 Útg. Dags. Lýsing




ENDURB. ANDAKILSÁRVIKJUN
 ANDAKILSÁRHLON
 TIPPSVÆÐI 1
 PVERSNID
 Verkefninmr. 3000-0386
 Falli =
 Stakur +
 Kvarði 1,500
 Tefnr. AND-90-C-0-050011
 Dags. 10.02.23 Gerðleikn. C

ÞVERSNÍÐ 1 - TIPPSVÆÐI 2




ÞVERSNÍÐ 2 - TIPPSVÆÐI 2



HINTASKRÁ

Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
201	371.588.627	451.469.953	211	371.705.800	451.432.849
202	371.603.989	451.473.128	212	371.700.862	451.409.950
203	371.614.298	451.470.183	213	371.686.593	451.397.712
204	371.638.186	451.466.240	214	371.671.137	451.393.007
205	371.664.202	451.470.591	215	371.668.445	451.380.545
206	371.668.970	451.468.104	216	371.656.742	451.371.311
207	371.676.633	451.456.332	217	371.647.777	451.372.051
208	371.683.754	451.456.265	218	371.641.550	451.380.654
209	371.692.647	451.449.331	219	371.625.300	451.385.315
210	371.703.066	451.447.765	220	371.612.140	451.409.279



01.10.2023. MÆRKTÆNING


MESÞBÓ



ENDURB. ANDAKILSÁRVIKJUN
ANDAKILSÁRLON
TIPPSVÆÐI 2
ÞVERSNÍÐ
 Verkefni nr. 3000-0386
 Falli = Sátt + Staður +
 Tölur. AND-90-C-050012
 Dags. 10.02.23 Gerð lahn. C Kvæði 1:500

SKYRINGAR:
 YFIRLITSMYND: AND-90-C-050010
 HINIT ERU Í ISNET93
 HÆÐARKERFI LH2004. LANDSHÆÐARKERFI
 ÖLL MÁL ERU Í METRUM (m) NEMA ANNAD SÉ TEKID FRAM.


ÞVERSNIÐ 1 - TIPPSVÆÐI 3 og 4



ÞVERSNIÐ 2 - TIPPSVÆÐI 3 og 4




HNITASKRÁ					
Punktur	X-hnit	Y-hnit	Punktur	X-hnit	Y-hnit
401	371.928.466	451.604.444	412	371.974.885	451.725.361
402	371.925.810	451.618.004	413	372.026.602	451.706.538
403	371.925.952	451.631.820	414	372.039.428	451.684.323
404	371.928.886	451.645.322	415	372.083.178	451.667.954
405	371.934.490	451.657.952	416	372.088.270	451.660.642
406	371.942.533	451.668.186	417	372.083.199	451.646.579
407	371.952.883	451.678.562	418	372.070.424	451.633.428
408	371.952.883	451.717.280	419	372.055.836	451.622.320
409	371.955.162	451.725.014	420	372.039.760	451.613.504
410	371.961.876	451.729.584	421	372.022.552	451.607.174



HNITASKRÁ		
Punktur	X-hnit	Y-hnit
300	372.090.054	451.664.405
301	372.103.137	451.677.805
302	372.107.982	451.688.783
303	372.105.883	451.703.959
304	372.101.596	451.724.248
305	372.086.177	451.733.745
306	372.063.046	451.740.119
307	372.044.442	451.746.493
308	372.021.053	451.747.639
309	371.994.656	451.758.947

Punktur	X-hnit	Y-hnit
310	371.982.688	451.756.325
311	371.979.901	451.748.623
312	371.991.766	451.720.372
313	372.027.121	451.707.815
314	372.040.324	451.684.946
315	372.081.413	451.669.712




SKYRINGAR:
 YFIRLITSMYND: AND-60-C-0-050010
 HNIT ERU Í ISNET93
 HÆÐARKERFI LH2004: LANDSHÆÐARKERFI
 ÖLL MÁL ERU Í METRUM (m) NEMA ANNAD SÉ TEKIÐ FRAM.

01.10.2023. MÆRNING
 MESP6C
 Hann/Vinnu/Samb.
 Útg. Dags. Lýsing



ENDURB. ANDAKILSÁRVIRKJUN
 ANDAKILSÁRLON
 TIPPSVÆÐI 3 OG 4
 ÞVERSNID
 Verkefni nr. 3000-0386
 Tali nr. AND-90-C-0-050013
 Stakur +
 Gerð í hnt. C
 Dags. 10.02.23
 Kvæði 1:500



SKÝRINGAR:
 KORTIÐ SÝNIR ÁÆTLAÐA SETÞYKKT Í LÖNI SEM FUNDIÐ ER MEÐ ÞVIÐ AÐ BERA
 SAMAN DÝPTARMÆLINGAR VÍÐ ÁÆTLAÐAN BÖTN Í LÖNI AÐUR EN ÍL VIRKJUNAR
 KOM. HÆÐARLINUR Í LÖNI SÝNA LANDHÆÐ LÖNBOTNS ÚTFRÁ SÍBUSTU
 DÝPTARMÆLINGU (AG/ST 2022).



01.10.2023	VEKTEYING	STJÓRSTOFU
02.12.2023	DÝPTARMÆLING UPPFÆRD	STJÓRSTOFU
Útg. Dags:	Lýsing	Har/Vir/Samb.



Laubumartí 6 203 Kópavogi Sími: 471 3000 www.mannvit.is
 Vetrir: 5, 181 227


ENDURB. - ANDAKÍLSÁRVIRKJUN
 INNTAKSLÖN
 YFIRLITSMYND
 DÝPI Á UPPRUNALEGT YFIRBORD
 Verkefni nr. 3000-0386
 Tölu nr. AND-01-C-1-050101
 Fari = Seti + Skúr +
 Dags. 10.02.23 Gerð Isak. C
 Karti 1:1.500

Fylgiskjal 2 – Lýsing á verktilhögun við tæmingu inntakslóns

Meðan á tæmingu stendur verður gruggun í árvatni vöktuð með aurburðarmæli (ljósgleypnimæli) sem staðsettur er í Andakílsá, neðan við stöðvarhús (við vatnshæðarmæli VÍ V506 Laugafljót). Fari mæligildi upp fyrir viðmiðunarmörk verður tæmingu lóns hætt tímabundið, meðan áin og lónvatn jafnar sig. Vaktmaður verður til staðar á inntaksstíflunni og vaktar botnrás og inntaksþró meðan á þessari aðgerð stendur. Tilgangur vaktmanns er að fylgjast sjónrænt með því hvort gruggun verði í lóninu við tæminguna og þá einnig til að geta gripið fljótt inn í ef breyta þarf stillingu á loku eða loka alveg fyrir. Einnig verður vaktmaður í stöð til að geta gripið hratt inn í ef breyta þarf rennsli um þrýstípu eða loka fyrir rennsli um hana. Þessi vöktun, mannskapur og mælar, eiga að tryggja örugga framkvæmd.

Framkvæmdaskrefin eru í grunnin tvö:

1. Lækkað verður rólega í inntakslóni með því að láta vatn renna í gegnum þrýstípu stöðvarinnar þar til vatnshæð er komin niður í lægstu mögulegu hæð (Hæð: 57.00 skv. gamla Andakílsár hæðarkerfi og teikning hér að neðan – 52,1 skv. ISN93) eða aukning á aurburði mælist þannig að ákveðið verður að fara yfir í skref 2.
2. Næsta skref er að lyfta loku í botnrás að litlum hluta (rifuopnun) til að hleypa vatni þar um í takmörkuðu magni. Botnrásin verður þannig notuð til að hleypa restinni af vatninu úr lóninu og vatnið látið renna í farveg neðan inntaksstíflu. Fyrirhuguð opnun byggir bæði á niðurstöðum útreikninga (þannig að áætlaður vatnshraði í lóni verði neðan við leyfileg mörk og hætta á rofi þannig lág mörkuð) sem og á vöktun á staðnum sem lýst er hér að ofan (sjónvöktun vaktmanns og mæliniðurstöður aurburðarmæla).



**Fylgiskjal 3 – Yfirlýsingar/samþykki frá
landeigendum: OR.**

Yfirlýsing um heimild til afnota af landi

Orkuveita Reykjavíkur, kt. 551298-3029, sem landeigandi, veitir hér með Orku náttúrunnar ohf., kt. 471119-0830, fulla heimild og óheftan aðgang til hverskonar framkvæmda og endurbóta sem Orka náttúrunnar ohf. telur þörf á vegna reksturs Andakílsárvirkjunar, þar með talið endurbætur á steiptum inntaksmannvirkjum, endurbyggingu á jarðvegstíflu og að hreinsa set af botni inntakslónsins.

Yfirlýsing þessi á við eftirfarandi lóðir í eigu Orkuveitu Reykjavíkur:

- Skorradalsvatn Kirkjuvaðstangi landnr. 134057
- Skorradalsvatn Grundarland landnr. 134108
- Skorradalsvatn miðlunarlón landnr. 133956
- Skorradalsvatn neðan Foss landnr. 134109
- Andakílsárvirkjun landnr. 133806

F.h. Orkuveitu Reykjavíkur pr.pr.

Fylgiskjal 4 – Rannsóknaráætlun fyrir vöktun á lífríki og eðlisefnafræðilegum þáttum í Skorr-adalsvatni og Rannsóknaráætlun á ófiskgegnum hluta Andakílsár - Hafrannsóknastofnun, 2023.


Rannsóknaráætlun fyrir vöktun á lífríki og eðlisefnafræðilegum þáttum í Skorradalsvatni

Greinargerð unnin fyrir ON

Inngangur

Árið 1947 tók Andakílsárvirkjun til starfa og síðan þá hefur Skorradalsvatn verið nýtt til vatnsmiðlunar til virkjunarinnar. Vatnsmiðlun hefur þau áhrif að vatnsborðssveiflur eru bæði tíðari og með stærra útslag en náttúruleg vatnsborðssveifla vatnsins. Náttúrulegt sveifluútslag vatnsins hefur verið áætlað allt að 70 cm en eftir að virkjun tók til starfa eru dæmi um allt að 200 cm útslag (Hilmar J. Malmquist o.fl. 2003). Árið 2002 tók Orkuveita Reykjavíkur (OR) við rekstri virkjunarinnar og árið 2014 tók Orka náttúrunnar (ON), dótturfélag OR við rekstrinum. Árið 2005 var gert samkomulag við sveitarstjórn og fleiri hagsmunaaðila í Skorradal og Andakíl um rekstur virkjunarinnar með það að markmiði að 1) draga úr sveiflum í vatnshæð Skorradalsvatns og halda henni innan skilgreindra marka, 2) tryggja lágmarksrennsli í Andakílsá og 3) stuðla að hagkvæmum rekstri Andakílsárvirkjunar.

Samkvæmt samkomulaginu skal rennsli Andakílsár, neðan Andakílsárvirkjunar, vera að lágmarki 2 m³/sek og vatnsborð Skorradalsvatns ekki fara niður fyrir 61,6 m.y.s. að vetri og ekki niður fyrir 61,78 m.y.s. að sumri. Jafnaframt skal vatnsborð Skorradalsvatns ekki sveiflas um meira en 1,08 m í eðlilegum rekstri að vetrarlagi en 0,4 m á sumrin. Í desember 2022 gerði frostakafla sem stóð til 20. janúar 2023. Í rennsli í Skorradalsvatn minnkaði mikið á þessu tímabili á sama tíma og útrennsli var haldið innan marka um lágmarksrennsli í Andakílsá neðan virkjunar. Við það lækkaði vatnsborð vatnsins stöðugt og fór fyrst niður fyrir 61,6 m.y.s. þann 17. desember og var síðan samfellt undir viðmiðunarmörkum frá 18. desember til 21. janúar eða í um 35 daga (1. mynd). Lægst fór vatnsborðið niður í 61,42 m.y.s. sem er 18 cm undir viðmiðunarmörkum (Veðurstofa Íslands 2023).



1. mynd. Vatnshæð (m.y.s.) í Skorradalsvatni tímabilið 1. des. 2022 – 25. jan. 2023. Rauð lina sýnir viðmiðunarmörk fyrir lágmarks vatnshæð (61,6 m.y.s.). (Veðurstofa Íslands 2023).

Í kjölfar þess að vatnsborð Skorradalsvatns fór niður fyrir viðmiðunarmörk um vatnshæð fékk Hafrannsóknastofnun, rannsókn- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna beiðni frá ON um að gera áætlun um vöktun á lífríki Skorradalsvatns með það að markmiðið að greina áhrif vatnsborðsbreytinga á lífríkið, sérstaklega áhrif lágrar vatnsstöðu eins og varð í desember og janúar síðastliðnum.

Áður hafa komið fram tillögur að vöktun lífríkis Skorradalsvatns með sérstöku tilliti til áhrifa vatnsborðsbreytinga. Árið 2003 vann Náttúrufræðistofa Kópavogs ítarlega greinargerð með rannsóknatillögum (Hilmar J. Malmquist 2003) og árið 2018 setti Hafrannsóknastofnun fram áætlun um vöktun á eðlis-, efna- og líffræðilegum þáttum Skorradalsvatns. Hvorug þessara tillaga komst í framkvæmd.

Rannsóknaráætlun

Tilgangur rannsókna og vöktunar með kerfisbundnum endurteknum mælingum á lífrænum og ólífrænum þáttum er að nema breytingar á lífríki og umhverfi skilgreinds svæðis. Meginmarkmið með vöktun Skorradalsvatns er að fá árlegar upplýsingar um valda lykilkætti í vistkerfinum sem líklegir eru til að svara breytingum á vistkerfi vatnsins. Þær upplýsingar nýtast bæði til að meta langtímabreytingar vegna álags og einnig til að meta áhrif af óvæntum skammtíma atburðum sem áhrif geta haft (t.d. vatnsborðsbreytingar). Þekking á lífríki og umhverfi hefur mikið gildi fyrir stjórnun, fræðslu og náttúruvernd. Þær rannsóknir sem Hafrannsóknastofnun gerir tillögu að nær til flestra lykilkættanna í vistfræði vatnsins. Rannsóknaráætlunin er lögð fram til eins árs en mikilvægt er að í framhaldinu verði komið á reglulegri vöktun á lykilkættum er varða eðlisefnafræði og vistkerfi Skorradalsvatns. Hafrannsóknastofnun leggur áherslu á að þeim upplýsingum sem aflað er með rannsóknum sé á aðgengilegan hátt miðlað áfram til almennings.

1. **Kortlagning strandsvæða.** Strandsvæði eru þau svæði þar sem sólarljósið nær vel til botns og þar fer mesta lífræna framleiðslan yfirleitt fram. Botngróður vex á þessu svæði og þar sem botgerð er hentug (grýtt strandsvæði) er mesta framleiðsla botnhryggleysingja. Bleikja hrygnir á strandsvæðum og þar eru búsvæði bleikjuseiða, auk hornsíla. Samkvæmt dýptarkorti eru

strandsvæði Skorradalsvatn lítið hlutfall af heildarflatarmáli og fram hefur komið að flatarmál strandsvæða innan 10m dýptar er einungis um 22% af heildarflatarmáli Skorradalsvatns (Hilmar J. Malmquist 2003). Þessir tveir ofangreindir þættir (búsvæði og flatarmál) eru mikilvægir þegar mat er lagt á hversu mikil áhrif sveiflur á vatnsborði hafa á lífríki strandsvæða. Hversu mikið flatarmál strandsvæðis fer á þurrt við mismunandi hæð vatnsborðs Skorradalsvatns. Í samvinnu við ON verði lagt mat á hvort mögulegt sé að kortleggja dýpi á strandsvæðum með það að markmiði að reikna flatarmál sem fer á þurrt miðað við mismunandi hæð vatnsborðs.

- Vatnatilskipun – gæðapættir.** Mældir verða sömu eðlisefnafræðilegu gæðapættir og mældir eru við ástandsflokkun stöðuvatna samkvæmt lögum um stjórn vatnamála nr. 36/2011. Efnainnihald vatnsins verður mælt fjórum sinnum yfir tólf mánaða tímabil til að fá grófa mynd af efnainnihaldi og ársíðabundnum sveiflum í efnastyrk. Sýni verða tekin um vetur (des-jan), vor, sumar og haust. Þeir þættir sem mældir verða eru: pH og leiðni, næringarefni (NO₃, NO₂, NH₄, PO₄, N-total og P-total), aðalefni og snefilefni, alkalinity, anjónir (Cl, F, SO₄), súrefni, DOC og TOC. Mælt verður við útfall úr Skorradalsvatni.
- Botndýr á fjörusvæðum.** Mikilvægt er að fylgjast með lykiltegundum botnlægra hryggleysinga (s.s. rykmý og vatnabobbar) á fjörusvæðum þar sem vatnsborðsbreytinga gætir. Sýni verið tekin á tveimur stöðum í vatninu og miðað við að velja sambærilegar staðsetningar og notaðar voru í Yfirlitskönnun íslenskra vatna árið 1998 (Hilmar J. Malmquist o.fl. 1999). Á hvorum stað verða sýni tekin á þremur mismunandi dýptum frá fjöruborði niður fyrir hámarks niðurdrátt (61,6 mys). Tvö sýnanna verða tekin á dýpi þar sem miðlunar gætir og eitt sýni á dýpi sem er fyrir neðan miðlunarmörk.
- Blaðgræna í vatnsbol og fjöru.** Magn blaðgrænu er gjarnan notað sem mælikvarði á lífmassa þörungna. Með mælingum á blaðgrænu er hægt að fá mat á næringarástandi vatnsins og mögulega greina áhrif af völdum vatnsborðsbreytinga. Mælingar á blaðgrænu á fjörusvæðum verða gerðar á sömu stöðum og á sömu dýptarsniðum og sýnataka botndýra. Mælt verður á staðnum með Benthos Torch/Algae Torch flúrljómandi mæli.
- Fiskur.** Ástand fiskstofna verður metið með netaveiðum (bleikja, urriði), gildruveiðum (hornsíli) og rafveiðum á bleikjuseiðum á strandsvæðum. Markmiðið er að meta fjölda, tegunda- og aldursamsetningu, vöxt, kynþroska og fæðu bleikju og urriða. Miðað er við að ein netasería verði lögð sunnan megin í vatninu (Hagi) og ein netasería norðan megin í vatninu (Hvammur). Rafveitt verður á strandsvæðum á tveimur stöðum í Skorradalsvatni. Hornsílagildur verða lagðar á tveimur stöðum á strandsvæði Skorradalsvatns og á hvorum stað verða lagðar 3 gildrur.

Gerð tilraun til að kortleggja hrygningarsvæði bleikju haustið 2023. Notaður verður dróni til að mynda strandsvæði á hrygningartíma og kortleggja riðabletti og fisk á hrygningarsvæðum. Ef hægt verður að greina riðabletti með drónamyndum verða gerðar mælingar á vatnsdýpi riðasvæðanna. Farið verður tvisvar sinnum á hrygningartíma bleikju í vatninu. Strandsvæðið á ákveðnum stöðum í vatninu verður myndað og auk þess að kortleggja riðabletti verður lagt mat á hvort myndir geti nýst við að kortleggja botngerð og þar með búsvæði strandsvæða.

Í rannsóknaráætlun þessari er gert ráð fyrir að mæla (vakta) þá líffræðilegu- og eðlisefnafræðilegu gæðapætti sem samþykktir hafa verið af Umhverfisstofnun til ástandsflokkunar stöðuvatna undir

stjórn vatnamála. Undantekning er sú að í þessari áætlun er ekki gert ráð fyrir vöktun á vatnablöntum en hægt er að bæta þeim þætti við síðar.

Heimildir:

Hilmar J. Malmquist, Þórólfur Antonsson, Guðni Guðbergsson, Skúli Skúlason og Sigurður S. Snorrason. (1999). Yfirlitskönnun á lífríki íslenskra stöðuvatna. Í: Líffræðirannsóknir á Íslandi. Afmælisráðstefna Líffræðifélags Íslands og Líffræðistofnunar Háskóla Íslands. Hótel Loftleiðum 18.-20. Nóvember 1999. Háskólaútgáfan. Háskóli Íslands.

Hilmar J. Malmquist, Finnur Ingimarsson og Haraldur Rafn Ingvason. (2003). Áhrif vatnsmiðlunar á vatnalífríki Skorradalsvatns: forkönnun og rannsóknatillögur. Greinargerð unnin fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. Náttúrufræðistofa Kópavogs. Fjölrit nr. 2-03.

Veðurstofa Íslands. (2023). Gagnabanki Verðustofu Íslands. Afgreiðsla nr. 2023-01-26/01.

áttunda áratugnum var urriða sleppt í Skorradalsvatni. Litlar rannsóknir hafa farið fram á stöðu fiskstofna í Skorradalsvatni, en margt bendir til að urriðastofninn í vatninu fari mjög stækkandi. Þannig er þekkt að að urriðinn nýtir sér einkum Fitjá til hrygningar og mikil auking hefur orið á þéttleika smáseiða urriða í ánni undanfarna áratugi. Urriðinn hrygnir eingöngu í straumvatni, en það er mjög vel þekkt að urriði í stöðuvötum nýtir sér bæði innrennslisár og ár sem falla úr vötum til hrygningar og seiðauppeldis fyrstu 1 – 2 árin er seiðin ganga niður eða upp í vötnin til uppvaxtar fram að hrygningu. Urriði getur gengið niður úr Skorradalsvatni til hrygningar en ekki er vitað um virkni núverandi fiskvegjar í þessu sambandi, en fiskvegurinn er á hinn bóginn ófær seiðum á göngu upp í vatnið. Lífríki í ófiskgengum farvegi Andakílsár, neðan Skorradalsvatns, hefur lítið sem ekkert verið rannsakað en gerðar hafa verið nokkrar athuganir á fiskstofnum í þverám sem renna í Andakílsá. Þær athuganir benda til að í þeim sé smár, staðbundin urriði og bleikja². Ekki eru til neinar tölulegar upplýsingar um veiði í Andakílsá ofan virkjunar eða inntakslóninu sjálfu, svo Hafrannsóknastofnun sé kunnugt um.

Hér er lagt til að gerðar verði fiskirannsóknir og botngerðarmat á ófiskgenga svæði Andakílsár sumarið 2023.

- 1) Miðað er við að afla upplýsinga um tegundasamsetningu, útbreiðslu og þéttleika smáseiða laxfiska í farvegum með rafveiðum bæði í hliðarám og í Andakílsá.
- 2) Einnig verði gert botngerðarmat á farvegi Andakílsár og hliðaráa, en með því er unnt að gefa heilstæða mynd af kornastærð botnefna og straumlagi, en slíkar upplýsingar er m.a. unnt að nýta til að meta framleiðslugeta búsvæða.
- 3) Stöðumat verði gert á fiskum í Andakílsárlóni með því að leggja netaröð með mismunandi möskvastærð (urriði, bleikja), lagðar gildirur í lónið (hornsíli). Með þessu fást m.a. upplýsingar um afla á sóknareiningu, tegundasamsetningu og ástand fiskstofna.

² Sigurður Már Einarsson, 2019. Umsögn vegna malartekju í Kaldá, Skorradal. Hafrannsóknastofnun. Umsögn. 3 bls.

Fylgiskjal 5 – Álit Orkustofnunar um virkjunar- leyfi, minnisblað 2023

Andakílsárvirkjun – Raunstaða og næstu skref

Fororð

Í þessu minnisblaði er ætlunin að gefa mynd af stöðu mála vegna Andakílsárvirkjunar og miðlunar Skorradalsvatns henni tengt. Markmið þessarar samantektar er að verða grundvöllur að mörkun Orkustofnunar um framhald málsins. Andakílsárvirkjun er í eigu Orku náttúrunnar, kt. 471119-0830.

Þann 15. mars 2022 barst Orkustofnun erindi frá Péttri Davíðssyni frá Grund, fyrir hönd landeiganda að Fitjum og Hvammi við Skorradalsvatn, þar sem krafist var að Orkustofnun:

...úrskurði um og skilgreini „virkjunarleyfi“ ON sbr. II. kafla raforkulaga nr. 65/2003, fyrir Andakílsárvirkjun. Fram komi í þeirri skilgreiningu, skilyrði er láta að umhverfisvernd og landnýtingu, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna, séu þau til staðar.

Þá var og þess krafist að:

umrætt „leyfi“ verði endurskoðað með vísan til 2. mgr. 6. gr. laganna, að vegnum breyttum forsendum og nýjum viðhorfum til umhverfisáhrifa virkjunarinnar, allt í samráði við þá sem láta sig málið varða og eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

Þann 2. maí 2022 barst Orkustofnun erindi frá Hilmari Gunnlaugssyni lögmanni fyrir hönd fyrirsvarsmanna sveitarfélagsins Skorradalshrepps. Í erindinu var þess óskað að Orkustofnun tæki leyfismál virkjunarinnar til skoðunar og að stofnunin myndi tryggja að í gildi væri virkjunarleyfi sem tæki tillit til aðstæðna, umhverfis og samfélags á virkjunarsvæðinu, samanber ákvæði raforkulaga nr. 65/2003, einkum 4. tl. 1. mgr. 6. gr. laganna.

Leitað var eftir afstöðu ON til erindis landeiganda við Skorradalsvatn og bárust þau þann 3. maí 2022.

Í sem skemmstu máli, þá eru erindi beggja aðila efnislega samhljóða. Umfjöllun hér eftir mun því taka til beggja erinda.

Forsaga máls – Stiklað á stóru

Hugmyndir um virkjun Andakílsár eru nær jafngamlar elstu hugmyndum um vatnsaflsvirkjanir á Íslandi. Fyrstu mælingar hófust 1907 í kjölfar þess að erlendur aðili kaupir landareignir og vatnsréttindi við Andakílsárfossa. Þær hugmyndir fjöruðu út en reglulega á fyrri helming 20. aldar tók heimafólk upp þráðinn og leitaði hófa með hugsanlega virkjun. Jafnan strönduðu áform á fjárveitingum og leitað var árangurslaust eftir ríkisábyrgð á framkvæmdum.

Endurnýjað skrið komst á málið á árunum fyrir og við seinna stríð. Að boði atvinnu- og samgönguráðuneytis lætur Vegamálastjóri vinna árið 1939 áætlun um virkjun Andakílsár, þ.m.t. mat á orkuþörf héraðanna og fjárhagslegri afkomu virkjunar, auk hönnunar á hugsanlegri virkjun. Greinargerð þar að lútandi er send ráðuneytinu 11. september 1939. Virðist vinna við málið á þeim tíma því vera á forræði hins opinbera. Þau áform líða út við upphaf stríðs og m.a. þar sem samgöngur við Skandinavíu leggjast fljótlega af. Akranes, Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla stofna síðan sameignarfélag um virkjun Andakílsár 1942 og

Í kjölfarið eru fyrri áætlanir endurskoðaðar og í því efni horft til möguleika á aðföngum frá Bandaríkjunum og er íslenska sendiráðið í Washington nýtt til þess. Í kjölfarið á samskiptum atvinnumálaráðuneytis og fjármálaráðuneytisins í febrúar 1944 er þann 3. mars 1944. samþykkt á Alþingi þingsályktun um veitingu ríkisábyrgðar vegna smíða á vélum og nauðsynlegu efni fyrir virkjunina. Jafnframt er þann 30. janúar 1945 samþykkt önnur þingsályktun um viðbótarlán til framkvæmda við virkjunina. Orkustofnun hefur jafnframt undir höndum samskipti Rafmagnseftirlits ríkisins og atvinnumálaráðuneytis í júní og júlí 1945 þar sem Rafmagnseftirlitið spyrst fyrir um hvort ráðuneyti hafi verið sendar teikningar og verklýsingar af mannvirkjum virkjunarinnar, „til lögboðinna samþykta“, og ef svo sé er óskað eftir eintaki af þeim. Ráðuneytið sendi Rafmagnseftirlitinu „5 uppdrætti af væntanlegri Andakílsárvirkjun og önnur skjöl til athugunar og umsagnar“. Jafnframt er óskað eftir því að uppdrættir verði endursendir ráðuneytinu með svari.¹ Frekari samskipti þessara aðila liggja ekki fyrir í gögnum Orkustofnunar.

Árið 1944 eru síðan gerðir samningar um smíði véla og búnaðar frá Svíþjóð og vorið 1945 eru gerðir samningar um byggingu virkjunar og hófust framkvæmdir um sumarið.² Virkjunin er síðan gangsett 14. nóvember 1947. Sú ríkisábyrgð var svo rýmkuð vegna vanmats á fyrri kostnaðaráætlunum 1947.³ Á árinu 1957 er samþykkt heimild fyrir miðlun á vatnshæð Skorradalsvatns. Árið 1975 var framleiðsla virkjunarinnar nær tvöfölduð.

Almennt um opinber leyfi til virkjana – stutt samantekt⁴

Fyrstu almennu ákvæði um leyfi til virkjunar er að finna í vatnalögum, nr. 15/1923, þar sem tilgreint er í 2. mgr. 49. gr. að leyfi ráðherra þurfi til að virkja fallvatn sem hafi meira en 500 eðlishestöfl [um 368 kW].

Skv. lögum um vatnsorkusérleyfi, nr. 46/1925, er þá giltu⁵ segir í 2. gr.:

Eigi er umráðamönnum vatnsréttinda heimilt, án leyfis ríkisstjórnarinnar, að virkja til orkunýtingar fallvatn (foss eða hávaða) eða hluta úr því, ef fallvatnið hefir meira en 500 eðlishestöfl.

Ríkisstjórnin getur þó veitt samþykki til þess, að héraðsstjórnir og aðrir virki fallvötn án sérleyfis, þótt um meira en 500 eðlishestöfl sé að ræða, ef aðeins er ætlað til þess að fullnægja raforkuþörf almennings.

Um virkjun ríkisins á fallvötnum fer eftir ákvæðum Alþingis.

Þá má vísa til þágildandi 58. gr. vatnalaga, nr. 15/1923⁶:

Nú vill héraðsstjórn koma upp vatnsorkuveri eða raforkuveitu til þess að fullnægja þörf almennings í héraðinu á raforku, og skal hún þá beiðast samþykkis ráðherra til þess og jafnframt senda honum, áður en byrjað er á

¹ Bréf Rr dags. 23. júní 1945 og handritað svar ráðuneytis dags. 24. júlí 1945.

² Tímaritið Akranes, 10.-12. tbl. 6. árg., okt-des 1947 (bls. 126-129)

³ Þingsályktun nr. 277, 66. löggjafarþing 1946-1947, 38. mál.

⁴ Að meginstofni stýtt frá bls. 8 í skýrslu OS: Vatnsaflsvirkjanir: Leyfi og skilyrði – staðan í árslok 2017

⁵ Lagasafn 1945, dalkur 1924

⁶ Lagasafn 1945, dalkur 1898

verkinu, frumdrætti að hinum fyrirhuguðu mannvirkjum, ásamt lýsingu á þeim.

Árið 1946 eru síðan samþykkt sjálfstæð raforkulög, nr. 12/1946. Þar er tilgreint að ríkinu einu sé heimilt að reisa og reka raforkuver stærri en 100 hestöfl (75 kW). Þó geti ráðherra að fengnum tillögum raforkumálastjóra veitt sveitarfélögum, einstaklingum eða félögum leyfi til að reisa og reka raforkuver allt að 2.000 hestöflum (1471 kW).

Með setningu orkulaga nr. 58/1967 var áskilið að afla þyrfti leyfis ráðherra orkumála til að reisa og reka raforkuver á stærðarbilinu 200-2000 kW en fyrir stærri virkjanir þyrfti heimild Alþingis.

Með setningu raforkulaga nr. 65/2003 er gerð gagnger breyting á stjórnslu og skipulagi raforkuframleiðslu þar sem hún er (í þrepum) gerð frjáls, en var áður að mestu á borði hins opinbera og sveitarfélaga, og kerfi leyfisveitinga breytt á þann hátt að ráðherra veitti leyfi til að reisa og reka virkjanir, virkjunarleyfi. Í bráðabirgðaákvæði II með lögnum er tekið fram að þeir sem við gildistöku laganna hafi rétt til að reisa eða reka raforkuver haldi þeim rétti sínum, enda uppfylli þeir skilyrði laganna.

Orkustofnun er falin stjórnslu leyfisveitinga frá og með 1. janúar 2012.

Við greiningu Orkustofnunar á heimildum að baki vatnsaflsvirkjana, í tengslum við vinnu við skipulag á eftirliti með vatnsaflsvirkjunum, kom í ljós að í all nokkrum tilvikum fundust engin gögn þar um, hvorki í skjalaskráum viðkomandi ráðuneyta né við leit á Þjóðskjalasafni. Af 72 vatnsaflsvirkjunum sem samantektin náði til fundust gögn um beint eða formlegt leyfi fyrir 46 virkjunum, eða tæplega 64%. Var því næst kannað hvort aðrar heimildir um aðkomu hins opinbera væri að finna, þ.m.t. þingsályktanir Alþingis tengdar byggingu og/eða rekstri virkjananna. Niðurstaða þeirrar könnunar er að finna í skýrslunni. Áður en hún var gefin út var leitað til allra rekstraradila virkjana og þeir beðnir um að upplýsa um ef frekari gögn væri þar að finna. Er skemmst frá að segja að engin viðbrögð bárust við þeirri umleitun. Skýrslan er skjámynd þeirra upplýsinga sem voru tiltækar á þeim tíma og ljóst er að þar má margt bæta.

Um leyfi fyrir virkjun Andakílsár

Nokkur óvissa hefur verið um stöðu virkjunarleyfis (eða sambærilegra heimilda til rekstrar) Andakílsárvirkjunar. Í fyrrnefndri skýrslu Orkustofnunar segir svo um Andakílsárvirkjun:

Ekki finnst formlegt leyfi fyrir virkjuninni en það sem kemst næst því að jafngilda leyfi er þingsályktunartillaga sem samþykkt var á Alþingi 30. janúar 1945...

Eins og framar hefur verið rakið hafa komið fram frekari gögn og upplýsingar um aðdraganda virkjunar og þá hafa áður nefndir ábúendur jarða við Skorradalsvatn og sveitarfélagið Skorradalshreppur mótmælt þessari niðurstöðu Orkustofnunar frá 2018. Orka Náttúrunnar hefur og mótmælt hvoru tveggja og hefur haldið því fram að ekkert virkjunarleyfi sé til staðar með vísan til þess að virkjanir hafi ekki þarfnast leyfa þegar starfsemi hófst þar árið 1947, því sé eðli hluta vegna ekkert virkjunarleyfi til staðar.

Þann 12. apríl 1946 tóku í gildi raforkulög nr. 12/1946. Í 1. gr. laganna segir í 1. mgr. að ríkið eitt megi eiga og reka raforkuver stærri en 100 hestöfl. Í 2. mgr. segir þó:

Við gildistöku þessara laga er þó þeim sem eiga og reka eða eiga í smiðum raforkuver, sem eru stærri en 100 hestöfl, heimilt að reka þau áfram og ráðherra er heimilt að leyfa aukningu á þessum raforkuverum, allt að fullri fyrirhugaðri virkjun, enda sendi eigendur þeirra uppdætti og greinargerðir um framkvæmdirnar innan 6 mánaða frá gildistöku laganna, og setur ráðherra þau skilyrði fyrir slíkum leyfum sem hann telur nauðsynleg, að fenginni umsögn raforkumálastjóra.⁷

Feitletraður texti í tilvitnun kom til í meðförum þings og er gerð grein fyrir honum í ræðum þingmanna.⁸ Var ástæða þess að þessi efnisatriði komu til viðbótar í lögin, (þá) yfirstandandi framkvæmdir við Andakílsárvirkjun auk virkjunarframkvæmda á Akureyri. Þá má einnig benda á að samkvæmt 7. gr. sömu laga er Andakílsárvirkjunar, meðal annars, veitt heimild til að selja héraðsrafmagnsveitu rafmagn í heildsölu.

Líkt og tilgreint er hér að framan liggur fyrir að teikningar og gögn lágu fyrir í atvinnuvegaráðuneytinu „til formlegrar samþykktar“ um sumarið 1945 og voru send Raforakueftirlitinu (raforkumálastjóra frá gildistöku laga 12/1946) til umsagnar. Ekki hafa fundist frekari samskipti aðila hér um, hvorki samþykki né höfnun. Þó er ekki útséð um að slík skjöl finnist, þótt síðar verði.

Ekki er fjöður yfir dregið að ólán er að samþykki ráðherra til virkjunarinnar hafi ekki komið í ljós. Vísa má þó til þess að fyrir liggur að Alþingi samþykkti 1944, 1945 og 1947 ríkisábyrgðir til kaupa á búnaði og byggingu virkjunarinnar, bæði fyrir og meðan á framkvæmdum stóð. Með vísan til framanritaðs verður því að álykta svo að óhugsandi sé með öllu að virkjunin hafi verið reist án vitundar og samþykkis ráðherra. Framkvæmdin var meðal þeirra stærstu sem íslenskir aðilar höfðu farið í fram til þess tíma.⁹ Þá hefur öll háttsemi opinberra aðila gagnvart Andakílsárvirkjun frá upphafi borið þess öll merki að þar sé um að ræða heimilaða og leyfða starfsemi.

Það er því svo að þegar öll gögn sem eru nú fyrirliggjandi eru skoðuð heildstætt, verður að draga þá ályktun að leitað hafi verið eftir samþykki ráðherra í samræmi við þágildandi lög árið 1945, og að málið hafi farið milli viðkomandi aðila í stjórnarsýslunni. Þá má hafa í huga að samgangur þingmanna, starfsmanna stjórnarsýslunnar og þeirra aðila sem stóðu að Andakílsárvirkjun var verulegur og ætla verður fólki að hafa verið grandvart um ákvæði laganna.

Verður því að álykta sem svo að ráðherra hafi samþykkt áform um fyrirhugaða Andakílsárvirkjun árið 1945, þau hafi verið í samræmi við ákvæði laga nr. 12/1946, og í því ljósi hafi Alþingi samþykkt ábyrgðir fyrir kaupum á búnaði og fyrir framkvæmdum.

Óneitanlega er nokkuð til þess unnið að reyna til þrautar að hafa upp á heimild ráðherra. Þó ekki nema til þess að kanna megí hvort ráðherra hafi sett einhver skilyrði til framkvæmdarinnar, eða endurskoðunar á heimildum til leyfis. Þó verður að geta þess að slík skilyrði og raunar nokkur skilyrði hefðu verið algert frávik frá öðrum heimildum til virkjana á Íslandi. Því verður að ganga út frá því að þau séu ekki til staðar þar til annað sannast. Þá verður líka að horfa til þess að það er opinberra aðila að gæta að því að vistun skjala sé

⁷ feitletranir undirritaðs.

⁸ Sjá skjöl og gögn í alþingistíðindum undir 60. máli 64. löggjafarþings 1945-1946.

⁹ Þingsályktun nr. 277, 66. löggjafarþing 1946-1947, 38. mál.

fullnægjandi og að þeim sé hægt að ganga með viðunandi hætti. Viðbótar íþyngjandi skilyrði vegna virkjunarinnar, án fullnægjandi lagaheimildar, koma því ekki til greina.

Um leyfi til miðlunar Skorradalsvatns.

Við upphaf Andakílsárvirkjunar var ekki um ræða beina miðlun Skorradalsvatns, til hækkunar eða lækkunar á yfirborði þess. Upplýsingar liggja fyrir um að 8-10 m breiður veituskurður hafi verið grafinn árið 1949 og var vatnshæð stýrt að einhverju leyti með flóðloku.¹⁰ Líkur benda til að botn skurðar hafi (a.m.k. árið 1957) legið 1 m undir (náttúrulegu?) yfirborði Skorradalsvatns.¹¹ Jafnframt voru þegar árið 1952 gerðar athugasemdir við að vatnsveita hafi verið framkvæmd án leyfa sem þó hafi verið áskilin skv. vatnalögum og vegamálastjórnun.¹²

Fljótlega eftir að virkjunin tók til við framleiðslu, komu fram hugmyndir um að unnt væri að auka við framleiðslu hennar með aukinni stýringu miðlunar í Skorradalsvatni. Einkum til að útvega orku til sementsvinnslu á Akranesi. Á árinu 1956 var sótt formlega um heimild ráðherra til að veita leyfi til miðlunar Skorradalsvatns með allt að tveggja metra hækkun vatnsborðs. Mættu þessi áform nokkurri andstöðu íbúa við vatnið, sem töldu að með þeim væru skertir möguleikar til landnýtingar sem og að vegir að bænum myndu fara undir vatnsyfirborð.

Eftir nokkurt þref heimilaði ráðherra þann 18. september 1957 hækkun Skorradalsvatns, um 50 sentimetra með mannvirkjagerð. Leyfi ráðherra var bundið eftirfarandi skilyrðum:

1. Fimmtíu sentimetra hækkun vatnsyfirborðsins skuli aðeins höfð á tímabilinu frá 15. september til 15. maí.
2. Andakílsárvirkjun bar að greiða bætur fyrri tjón af völdum vatnsmiðlunarinnar eftir mati, samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923.
3. Kæmi í ljós að vatnamiðlunin ylli mjög verulegu tjóni á jörðum í Skorradal, að dómi ráðuneytisins, gæti ráðuneytið fellt niður framangreint leyfi til vatnamiðlunar.
4. Um vegabætur vegna Vatnsmiðlunarinnar, skuli fara fram, sem greinir í samkomulagi vegamálastjóra og stjórnar Andakílsárvirkjunarinnar frá 17. september 1957.

Á árinu 1959 gerðu Andakílsárvirkjun og landeigendur í Skorradal með sér samkomulag um að bætur skyldu greiddar að gengnum úrskurði gerðardóms. Fór gerðadómur fram það ár og voru greiðslu gerðar í framhaldi.

Árið 2012 færðist eftirlit og leyfisveitingar með raforkuvinnslu og vatnamiðlun henni tengd frá ráðuneyti til Orkustofnunar. Því er það hlutverk Orkustofnunar að fara með forræði 3. skilyrðis leyfisins. Hvað telst til „mjög svo verulegs tjóns“ er háð túlkun á aðstæðum og þeim hagsmunum sem undir eru hverju sinni.

Nokkur umræða hefur átt sér bæði opinberlega en einnig innan stjórnkerfisins og þeirra aðila sem telja sig hafa hagsmuna að gæta um hver sé „rétt“ vatnshæð Skorradalsvatns. Eins og gefa má, þá er það grundvallaratriði að fyrir liggi viðmiðunarhæð vatnsins, svo hægt sé að gæta að því að skilyrði miðlunarleyfis séu virt.

¹⁰ Greinargerð Sigurðar Jóhannessonar verkfr. til Vegamálastjóra, dags. 29. febrúar 1952

¹¹ Frumáætlun um aukningu miðlunar úr Skorradalsvatni með lækkun vatnsins, Sigurður S. Thoroddsen júlí 1957

¹² Bréf Vegamálastjóra dags. 4. mars 1952 til stjórnar Andakílsárvirkjunar

Við framkvæmdir vegna viðhalds stíflumannvirkja við Skorradalsvatns árið 1994 komu fram athugasemdir um að vafi væri hver væri „raunveruleg“ vatnshæð vatnsins. Af því tilefni fékk Orkustofnun Verkfræðistofu Sigurðar Thoroddsen til að reikna vatnsborðshæðir í Skorradalsvatni.¹³

Niðurstaða Orkustofnunar á þeim tíma, á grunni reikninga verkfræðistofunnar, var að leyfileg vatnsborðshæð í Skorradalsvatni eftir miðlun sé 67,58 metrar á yfirfalli. Það er að viðmiðunarhæð vatnsins að frádregnum heimilli tímabundinni hækkun, samkvæmt miðlunarleyfinu frá 1957, sé 67,08 metrar. Athuga ber að þarna er ekki gert ráð fyrir náttúrulegum sveiflum á vatnshæð.

Hafa ber í huga að frá þeim tíma sem liðinn er frá því fyrst hófst undirbúningur fyrir Andakílsárvirkjun hafa margvíslegar landmælingar hafa átt sér stað, með misjöfnum tækjum, út frá mismunandi viðmiðunum auk þess sem vitað er að fastamerki hafa verið hulin/fjarlægð og deilur eru uppi um hver tenging er milli þeirra og nýrri merkja. Sömuleiðis byggja landmælingar í dag á öðrum tækjum og aðferðafræði heldur en síðast var mæld leyfileg vatnsborðshæð og því verður að mati stofnunarinnar að mæla upp á nýtt valda hnitpunkta með það fyrir augum að afmarka viðmiðunarhæð vatns og miðlunarhæð skv. leyfinu frá 1957.

Þá er og ástæða til að nefna að leyfi ráðherra frá 1957, nær eingöngu til árlegrar tímabundinnar miðlunar til hækkunar vatnsyfirborðs – ekki lækkunar. Fram hefur komið að mannvirki til stýringar vatnsborðshæðar í Skorradalsvatni (til lækkunar) hafa verið allt frá 1949 eða þar um bil og að það hefur legið fyrir þegar miðlunarleyfi er gefið út 1957 án þess að þess hefur verið getið í leyfisskjölum. Athygli vekur að á þeim tíma er einungis litið til tjóns vegna vatnsborðshækkunar en ekki er að sjá að vatnsborðslækkun teldist til ama. Eftir er að leita skýringa þar á en áformað er að það verði hluti næsta skrefs.

Um þær kröfur sem gerðar hafa verið til endurskoðunar leyfis til Andakílsárvirkjunar

Sem fyrr greinir hafa landeigendur við Skorradalsvatn gert þá kröfu að leyfi ON fyrir Andakílsárvirkjun verði endurskoðað með vísan til 3. mgr. 6. gr. raforkulaga. Hún orðast svo:

Ef sýnt er fram á með gögnum að umhverfismarkmið, sett á grundvelli laga um stjórn vatnamála, náist ekki er í sérstökum tilvikum heimilt að endurskoða leyfi eða setja ný skilyrði vegna umhverfismarkmiða. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti.

Samkvæmt 7. gr. laga um stjórn vatnamála nr. 36/2011 er það hlutverk Umhverfisstofnunar að annast stjórnsýslu á sviði vatnsverndar í samræmi við fyrirmæli laganna. Umhverfismarkmið skv. lögnum liggur ekki fyrir og ekki hefur verið metið ástand vatnshlotsins¹⁴.

Skorradalshreppur hefur þá og óskað eftir því að margnefnt virkjunarleyfi verði endurskoðað meðal annars á sama grundvelli og landeigendur nefna í erindi sínu en einnig er nefnt í erindinu að Orkustofnun hafi „skýra“ heimild til endurskoðunar leyfis til virkjunarinnar.

¹³ Orkustofnun, „Vatnsborðshæðir í Skorradalsvatni við nýja stíflu“, bréf til Andakílsárvirkjunar 13. september 1994. – Óbirt, úr skjalasafni Orkustofnunar.

¹⁴ Sjá má Vatnaáætlun 2022 hvað þetta varðar.

Áður en áfram skal haldið er vert að taka það fram að hvorugir þeirra aðila sem bera upp kröfur um endurskoðun virkjunarleyfis Andakílsárvirkjunar, eru þess bærir. Orkustofnun er eftirlitsaðili með raforkuvinnslu samkvæmt raforkulögum og á stofnunina verða ekki settar kröfur umfram þær sem í lögum er á um kveðið. Málsmeðferð þessara erinda fara því ekki eftir stjórnýslulögum nr. 37/1993, enda eru þau ekki undanfari stjórnýsluákvæðana sem verða réttindi og skyldur þessara aðila. Eftir sem áður ber Orkustofnun að taka þau gögn sem stofnuninni berast alvarlega og ef vaknar grunur um misbrest í leyfisskyldri starfsemi hefur stofnunin ríka rannsóknarskyldu.

Ekki er unnt að taka undir með Skorradalshrepp að Orkustofnun hafi skýra heimilt að eigin frumkvæði til að hefja endurskoðun leyfis Andakílsárvirkjunar. Það er alls ekki raunin og verður ekki á gert á grunni 1. og 2. mgr. 6. gr. raforkulaga, enda gilda þau ákvæði um það sem skuli vera tilgreint í útgefnum virkjunarleyfum. Ekki er hægt að beita þessum ákvæðum afturvirk. Í bráðabirgðarákvæði II raforkulaga er eingöngu vikið að þeim aðilum sem hafa rétt til að reisa og reka raforkuver haldi rétti sínum til þess. Með vísan til framanritaðs er ekki vafi um að ON sé slíkur bær aðili. Þá er enn fremur ekki hægt að fallast á að þá túlkun sem Skorradalshreppur heldur fram að þar sem aldrei hafi verið gefið út leyfi til nefndrar virkjunar beri Orkustofnun að gera það. Rakið hefur verið með ítarlegum hætti að öll rök hnígi til þess að aldrei hafi leikið vafi á lagalegu réttmæti virkjunarinnar.

Samkvæmt nógildandi vatnaáætlun nær Skorradalsvatn umhverfismarkmiðum hvað varðar vistfræðilega og efnafræðilega þætti. Samkvæmt áhættumati er talin lítil hættu á að vatnið nái ekki þeim markmiðum. Orkustofnun hefur ekki borist tilkynning frá lögbærum aðila (Umhverfisstofnun) um að líkur séu á að umhverfismarkmið náist ekki. Þá verður einnig að hafa í huga að engar framkvæmdir hafa verið vegna vatnsmiðlunar frá gerð nógildandi vatnaáætlunar.

Um eftirlit með miðlun Skorradalsvatns

Orkustofnun ber að hafa eftirlit með framkvæmd miðlunarleyfisins frá 1957. Forsenda þess eftirlits er að stofnunin festi viðmiðunarhæðir við túlkun og framkvæmd miðlunarleyfis. Brynt er að stofnunin láti greina hæð vatns, botns veituskurðar, útfalls, inntakslóns, og fleiri staða sem áður hafa verið hæðarmældir og ákvarði út frá því hæðarkvóta miðað við núverandi grunnkerfi landmælinga og landshæðarkerfis.

Þegar grunnupplýsingar um hæð vatnsins liggja fyrir er það hlutverk Orkustofnunar að kanna hvort að framkvæmd miðlunar Skorradalsvatns sé innan heimilda sem gefnar hafa verið.

Í ljósi þeirra ábendinga sem Orkustofnun hefur borist og nefndar hafa verið í minnisblaði þessu er tilefni fyrir stofnunina að óska eftir mati Umhverfisstofnunar á því hvort að breytingar hafi orðið á forsendum umhverfismarkmiða Skorradalsvatns, og hvort Umhverfisstofnun telji að hættu sé á að umhverfismarkmið vegna vatnsins náist ekki.

Unnið í janúar og febrúar 2023

Sigurjón Njarðarson

**Fylgiskjal 6 – Fundargerð fundar Orku
náttúrunnar og Orkustofnunar, dags.
2. nóvember 2023**

Fundur haldinn 25.10.2023 kl. 11 á Grensásvegi 9

Málefni: Andakílsárvirkjun, staða

Fundargerð:

Mættir: Elín Smáradóttir (ES), Jón Örvar G Jónsson (JÖGJ) - *ráðgjafi*, Atli Björn Levy (ABL) frá ON.

Rán Jónsdóttir (RJ), Sigurjón Njarðarson (SN) og Kristján Geirsson (KG) frá OS.

ON kynntu samskipti sín við sveitarstjórnir sem eiga hlut að máli fyrirhugaðs framkvæmdaverkefnis um endurbætur stíflumannvirkja inntakslóns Andkílsárvirkjunar.

Fram kom að sveitastjórn Skorradalshrepps vísaði frá erindi ON um að ráðast í bráðabirgðaframkvæmdir til að tryggja öryggi stíflumannvirkjanna, með þeim rökum að ekki sé til gilt virkjunarleyfi fyrir Andskílsárvirkjun.

ON lýsir áhyggjum af öryggi stíflumannvirkja, en að mati ON er kominn tími á endurbætur til að tryggja öryggi gagnvart flóðahættu ef stíflurof verður.

OS ítrekaði afstöðu sem fram kemur í minnisblaði til OS frá feb 2023 um að óvæfengjanlega hafi verið heimild fyrir byggingu og rekstur virkjunarinnar þegar hún var reist.

OS mun viðhafa eftirlit við virkjunina í ljósi ábendinga ON um að mögulega sé öryggi stíflumannvirkja ábótavant.

Fundi slitið kl. 11:45

Rán Jónsdóttir

Verkefnastjóri virkjana

Svið sjálfbærrar auðlindanýtingar